# Náttúran í nýju ljósi
## Tré

Örstutt um myndbandið: Í myndbandinu er fjallað um hinar þrjár ættir trjáa, sameiginleg einkenni þeirra og hvað það er sem skilur á milli. Mikilvægi trjáa fyrir lífið á jörðinni, æxlunarhættir þeirra og dreifing fræja eru meðal þess sem hér er skoðað.

Efnisþráður: Áður fyrr þöktu tré fjóra fimmtu af þurrlendi jarðar, í dag þekja þau helming þurrlendis. Til eru u.þb. 30.000 tegundir trjáa sem skiptast í þrjár ættir: barrtré, pálmatré og lauftré. Sameiginleg einkenni allra trjáa eru að þau mynda einn stofn, mynda trjávið og eru hávaxin. Þó eru til undantekningar frá hæðinni, svo sem dvergtré. Laufblöðin mótast af viðbrögðum trésins við ríkjandi skilyrðum og hvernig það tekur til sín ljós og loft.

Markmið/meginviðfangsefni:
– Að þekkja ættir trjáa og einkenni þeirra
– Að skilja margþætt mikilvægi trjáa fyrir lífið á jörðinni
– Að þekkja helstu líkamshluta trjáa og hlutverk þeirra
– Að geta útskýrt æxlunarhætti trjáa og mismunandi dreifingu fræja
– Að átta sig á hvaða vörur eru unnar úr trjám
– Að geta útskýrt hugtakið ljóstillífun og tvíþætt mikilvægi hennar

Helstu atriði og hugtök:
– vetrardvali
– barrtré
– pálmatré
– lauftré
– árhringir
– æxlunarúrræði
– eyðing skóga
– geymsla á úrgangsefnum nútímans
– trjárækt
– endurvinnsla
– náttúruvernd
– akarn
– fræ
– ávextir
– risafura
– börkur
– ljóstillífun
– ferskvatnsgeymir

Hugmyndir að verkefnum:
– Safna laufblöðum og greina þau eftir tegundum með hjálp greiningarlykils
– Búa til stórt tré (allir líkamshlutar) og setja í það íbúa frá rótum til krónu (nota gögn)
– Fylgjast með árstíðabundnum breytingum á trjám
– Rækta tré úr fræjum, svo sem ávaxtasteinum
– Búa til pappír með endurvinnslu

Til umræðu:
– Varnarhættir trjáa
– Lífsferill akasíutrjáa, samskipti þeirra og aðlögun að umhverfi sínu
– Hvað er átt við með því að tré séu geymsla fyrir úrgangsefni jarðarinnar og að tré séu ferskvatnsgeymar?

Tengsl við námskrá:
Úr lífvísindum: einkenni og fjölbreytni lífvera; lífsferlar; erfðir, aðlögun og þróun

Tengsl við námsefni:
*Tré*
*Ég greini tré*
*Náttúran allan ársins hring*
*Lífríkið á landi*
*Lifandi veröld*
*Fræverður að plöntu*
*Tré – óskabók*
*Gróðureyðing og endurheimt landgæða*
*Náttúruverkefni*

Titill á frummáli: *Tree*

Þýðandi og þulur: Ingi K. Jóhannesson